



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. desember 2009
Tilvísun: 2009120009
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, 239. mál, frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. mál og frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 5. desember 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (breyting ýmissa laga, hækkun gjalda), 239. mál, frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins (breyting ýmissa laga, auknar tekjur ríkissjóðs), 256. mál og frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta (heildarlög, kolefnisgjald og skattur á raforku og heitt vatn), 257. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreindra frumvarpa. Hvað varðar frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (breyting ýmissa laga, hækkun gjalda) og 239. mál og frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins (breyting ýmissa laga, auknar tekjur ríkissjóðs), 256. mál, þá telur Orkustofnun að um sé að ræða málefni sem varði ekki starfssvið stofnunarinnar. Í ljósi þessa tekur Orkustofnun ekki afstöðu til þeirra umræddu frumvarpa. Hins vegar gerir Orkustofnun eftirfarandi athugasemdir varðandi frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta (heildarlög, kolefnisgjald og skattur á raforku og heitt vatn), 257. mál.

Hvað varðar skattlagningu eldsneytis telur Orkustofnun orka tvímælis að mismuna orkugjöfum eftir því hvort þeir eru í fljótandi eða föstu formi. Kann slíkt að stuðla að því notkun verði þannig t.d. beint úr olíu yfir í kolanotkun, þar sem það er mögulegt. Að mati Orkustofnunar væri rétt að skattleggja alla orkugjafa eftir kolefnisinnihaldi þeirra.

Orkustofnun vekur athygli á að raforka er þegar undirorpin gjaldtöku. Þannig er t.d. samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, innheimt sérstakt gjald í ríkissjóð á hverja orkueiningu í flutningi annars vegar og dreifingu hins vegar. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði ríkisins af framkvæmd raforkulaga. Greiðendur gjaldsins eru eitt flutningsfyrirtæki og sjö dreifiveitur. Endanlegur kostnaður fellur á almenna notendur en einnig að hluta á stóriðju. Þá innheimtir Brunamálastofnun sérstakt virðisaukatengt gjald af framleiddu, fluttu, dreifðu og seldu rafmagni til almennra notenda. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við vottun á búnaði gjaldenda. Greiðendur gjaldsins eru raforkuframleiðendur, eitt flutningsfyrirtæki, sjö dreifiveitur og átta sölufyrirtæki. Endanlegur kostnaður fellur á almenna notendur.

Varðandi orkugjald á raforku telur Orkustofnun að hagkvæmari sem og einfaldari framkvæmd

væri að fela flutningsfyrirtækinu, þ.e. Landsneti, skyldur orkusala í þessu tilfalli. Yfir 99% af allri raforkunotkun landsins greiðir flutningsgjald til Landsnets og afgangurinn er framleiddur með díselvéllum á einangruðum stöðum líkt og Grímsey, Flatey, stökum býlum með díselvélar eða heimarafstöðvar sem í flestum tilfellum þegar njóta niðurgreiðslna frá ríkinu. Myndi þ.a.l. eingöngu einn aðili innheimta og standa skil á gjaldinu í ríkissjóð í stað orkusala og fjölda eigenda heimarafstöðva. Einnig myndi slíkt fyrirkomulag fela í sér einföldun þar sem áætluð gjaldtaka er líklega að meðaltali vel undir 5.000 kr. á ári þannig að eftirlit með greiðsluskyldu þeirra og fyrirhöfn greiðenda myndi seint standa undir þeim kostnaði. Þá er Landsnet þegar að standa ríkissjóði skil á orkugjaldi fluttrar raforku. Endanlegur kostnaður félli á almenna notendur til jafns við stóriðju.

Varðandi skattlagningu söluvirðis á heitu vatn telur Orkustofnun óheppilegt að gjaldið skuli leggjast á í öfugu hlutfalli við verðmæti auðlindarinnar enda munu þeir aðilar sem fyrirsjáanlega munu borga mest vera þeir sem búa við erfiðustu aðstæður við öflun hitunar og jafnframt myndi slíkt ganga þvert gegn tilgangi reglugerðar nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Væri þá hugsanlega til einföldunar að fella þá reglugerð úr gildi, sem myndi einfalda þegar flókna orkureikninga landsmanna og stjórnsýsluna nokkuð, en leggja í staðinn sérstakt orkugjald á heitt vatn hjá ákveðnum stórum og ódýrum jarðhitaveitum. Myndi slíkt einnig draga úr hættu á hugsanlegri tvísköttun. Samkvæmt frumvarpinu að óbreyttu myndu um 22 almennar hitaveitur og um 200 smærri einkahitaveitur greiða fyrirhugaðan skatt. Samkvæmt tillögu Orkustofnunar myndu eingöngu fáar stórar hitaveitur greiða skattinn og endanlegur kostnaður félli á þá notendur sem minnst greiða í dag.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir umrætt frumvarp til laga. Orkustofnun bendir á að sökum þess að skammur tími var veittur til umsagnar þá hafi ekki verið unnt að leggja ítarlegra mat á frumvarpið. Hins vegar lýsir Orkustofnun yfir vilja til að veita frekari upplýsingar sé þess óskað af hálfu efnahags- og skattanefndar Alþingis.

Lárus Ólafsson

Haukur Eggertsson